

Föstudaginn 30. mars 1990.

Nr. 425/1988. **Bjarni Jónasson**

(sjálfur)

gegn

félagsmálaráðherra

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Innsetningargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s.m. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að framkomin frávísunarkrafa stefnda verði ekki tekin til greina. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju. Loks krefst áfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og umbeðin innsetning nái fram að ganga. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl eru lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Aðalkröfu stefnda um frávísun máls þessa frá Hæstarétti byggir hann í fyrsta lagi á því, að áfrýjun úrskurðarins sé ranglega beint að stefnda og að ekki hafi verið stefnt fyrir Hæstarétt þeim, er aðild áttu að málinu í héraði og hafa hagsmuna að gæta við áfrýjun málsins. Í öðru lagi byggir stefndi frávísunarkröfu sína á því, að málalíbúnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti sé með þeim hætti, að varði frávísun málsins frá Hæstarétti.

Áfrýjandi telur, að stefnda sé réttilega stefnt fyrir Hæstarétt. Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum sé eign ríkissjóðs og í

forsjá félagsmálaráðuneytis að öllu leyti og sé því rétt að stefna félagsmálaráðherra fyrir Hæstarétt.

Í innsetningarbeiðni sinni fyrir fógetarétti Vestmannaeyja hafði áfrýjandi þá kröfu uppi, „...“, að skýrslur sem varða einkum mig persónulega verði teknar úr umráðum Jóns Kjartanssonar, stjórnarformanns Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, Heimaeyjar kertaverksmiðju, og afhentar mér með fógetagerð. Jafnframt verði stefnt til réttargæslu þeim Önnu Karin Júlíussen og Brynjari Eiríkssyni...“. Af meðferð málsins fyrir fógetaréttinum má ráða, að þar hafi verið við það miðað, að kröfunni væri beint gegn formanninum fyrir hönd stjórnar stofnunarinnar, en óumdeilt virðist, að eintak eða eintök af skýrslum þessum hafi verið í vörslum stjórnarinnar eða formannsins á hennar vegum.

Innsetningargerð verður beint gegn vörslumanni skjals, sé réttur gerðarbeiðanda til þess glöggur og skýr. Jafnframt kann að vera nauðsynlegt að beina gerðinni einnig gegn þeim öðrum, er réttar eiga að gæta vegna skjalsins, ef á þann rétt reynir við framkvæmd þeirra vörsluskipta, sem krafist er.

Við áfrýjun málsins hefur gerðarbeiðandi ekki beint stefnu til Hæstaréttar gegn formanninum eða stjórn stofnunarinnar, heldur gegn félagsmálaráðherra, sem fer með málefni verndaðra vinnustaða á grundvelli laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra án nánari tilgreiningar á aðild hans að málinu.

Telja verður, að mál þetta snúist um vörslur stjórnar eða stjórnarformanns Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum á hinum umdeildu skýrslum. Komið gat til álitu að kalla félagsmálaráðuneytið til fyrirsvars í héraði vegna forsjár þess á stofnuninni, en ekki nægir að stefna ráðherra einum við áfrýjun málsins. Fram er komið, að félagsmálaráðuneytið hefur vörslur á ljósriti þessara skýrslu, en kröfur gegn því sem vörslumanni yrði fyrst að bera fram í héraði. Af þessum sökum verður að vísa málinu frá Hæstarétti, og reynir því ekki á það hér fyrir dómi, að grundvöllur innsetningarbeiðninnar í héraði var hvorki glöggur né skýr.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fúgetaréttar Vestmannaeyja 22. júní 1988.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Bjarna Jónassonar, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, eru gerðar þær réttarkröfur, að honum verði afhentar skýrslur, sem séu í vörslum Jóns Kjartanssonar sem stjórnarformanns Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, með beinni fúgetagerð, innsetningargerð.

Gerðarþoli, stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, hefur krafist þess, að umbeðin innsetningargerð nái ekki fram að ganga. Hann krefst þess og, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða hæfilegan málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór hinn 21. júní 1988.

Málavextir.

Það er upplýst í málinu, að stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum fór þess á leit við Önnu Karín Júlíussen, félagsráðgjafa hjá Vestmannaeyjabæ, og Brynjar Eiríksson, sálfræðing Vestmannaeyjabæjar, að þau ynnu skýrslur fyrir stjórnina.

Fyrir liggur, sbr. dskj. nr. 2, að uppistaða skýrslunnar er viðtöl við starfsfólk á vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, sem samkvæmt dskj. nr. 2 voru veitt gegn loforði um ákveðinn trúnað.

Gerðarbeiðandi byggir innsetningarbeiðni sína á því, að honum séu þessar skýrslur nauðsynlegar vegna fyrirhugaðs málareksturs, svo og telur hann, að í skýrslum þessum sé hallað réttu máli og að honum hafi ekki verið gefinn kostur á því að tala sínu máli við gerð skýrslunnar, og til þess að bera sönnur á áður nefnd atriði sé gerðarbeiðanda nauðsynlegt að fá umráð þessara skýrslna. Gerðarþoli neitaði þessari kröfu á þeim forsendum, að gerðarbeiðandi sé ekki eigandi þessara skýrslna og hafi því ekki rétt til þess að fá þær með innsetningargerð.

Í máli þessu fer gerðarbeiðandi fram á innsetningargerð, sem er bein fúgetagerð. Fer hann fram á að fá afhentar skýrslur, sem eru í umráðum stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum.

Það er mikilvægt, svo að innsetningargerð nái fram að ganga, að réttur gerðarbeiðanda sé augljós.

Gerðarbeiðandi hefur ekki sýnt fram á nein þau skjöl eða lagafyrirmæli, sem styðji rétt hans til umræddra skýrslna. Gerðarbeiðandi byggir á því, að annars vegar sé honum nauðsynlegt að fá skýrslurnar vegna fyrirhugaðs málarekstrar, og hins vegar telur hann, að þar sé hallað réttu máli og að hann hafi ekki fengið að tala sínu máli við gerð skýrslanna.

Þessar ástæður gerðarbeiðanda fyrir innsetningargerð þykja engan veginn uppfylla skilyrði fyrir, að innsetningargerðin nái fram að ganga,

og þykir eðlilegra, að krafa um afhendingu skýrslna þessara með áður-
nefndum rökum sé höfð uppi við almenna dómstóla.

Gerðarþoli þykir því ekki þurfa að vera sviptur umráðum áðurnefndrar
skýrslu.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 10.000 í málskostnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin innsetningargerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 10.000 í málskostnað.
